

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

**Nr. 32**

við Stjórnartíðindi EB

7. árgangur

13.7.2000

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin

<b>2000/EES/32/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 1
<b>2000/EES/32/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 2
<b>2000/EES/32/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn ..... 3
<b>2000/EES/32/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki ..... 4
<b>2000/EES/32/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins ..... 6
<b>2000/EES/32/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2000 frá 19. maí 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins ..... 7
<b>2000/EES/32/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2000 frá 22. maí 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins ..... 8

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

<b>2000/EES/32/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1979 – CDC/Banco Urquijo) ..... 13
-----------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------



# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/01

nr. 41/2000  
frá 19. maí 2000

#### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 28/2000 frá 31. mars 2000<sup>(1)</sup>.

„- **399 R 1931:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 frá 9. september 1999 (Stjtið. EB L 240, 10.9.1999, bls. 3).“

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 frá 9. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

2. Framlengingin á aðlögunartímanum fyrir Austurríki falli niður.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna, telst fullgiltur.

3) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu ber að fella niður aðlögunarliðinn við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbato**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 240, 10.9.1999, bls. 3.

(\*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/02**

**nr. 42/2000**  
**frá 19. maí 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 29/2000 frá 31. mars 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB frá 15. september 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengikröfur fyrir TETRA-aðgang að neyðarþjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zzg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/498/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„4zzh. **399 D 0645:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB frá 15. september 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengikröfur fyrir TETRA-aðgang að neyðarþjónustu (Stjttíð. EB L 255, 30.9.1999, bls. 40).“

*2. gr.*

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni<sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbaso**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 141, 15.6.2000, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 255, 30.9.1999, bls. 40.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/03**

**nr. 43/2000**  
**frá 19. maí 2000**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 57/1999 frá 30. apríl 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um rammamninginn um tímabundna ráðningu sem ETUC, UNICE og CEEP hafa gert<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 32. lið (tilskipun ráðsins 96/34/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32a. **399 L 0070:** Tilskipun ráðsins 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um rammamninginn um tímabundna ráðningu sem ETUC, UNICE og CEEP hafa gert (Stjtið. EB L 175, 10.7.1999, bls. 43), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64.“

*2. gr.*

Texti tilskipunar ráðsins 1999/70/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbaso**

formaður.

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 175, 10.7.1999, bls. 43.

<sup>(\*)</sup> Stjórnásluleg skilyrði tilgreind.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/04

nr. 44/2000  
frá 19. maí 2000

### um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 60/1999 frá 30. apríl 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tölusetningu og orðalag 2. mgr. 4. gr. í bókun 21 við samninginn ber að samræma 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (reglugerð ráðsins nr. 17/62/EB) í 1. mgr. 3. gr. í bókun 21 við samninginn:

„- **399 R 1216:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5).“

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr. bókunar 21 við samninginn:

„2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar:

- 1) einu aðilarnir að þeim eru fyrirtæki frá einu aðildarríki EB eða einu EFTA-ríki og samningarnir, ákvarðanirnar eða aðgerðirnar tengjast hvorki innflutningi né útflutningi milli samningsaðila;
- 2) a) samningarnir eða samstilltu aðgerðirnar eru milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert um sig starfar, í skilningi samningsins, á mismunandi stigum framleiðslunnar eða dreifingarinnar, og varða skilmálana sem aðilarnir gangast undir vegna kaupa, sölu eða endursölu á ákvæðnum vörum eða þjónustu;
- b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningarnir takmarka eingöngu rétt framsalshafa eða neytanda hugverkaréttar á sviði iðnaðar, einkum einkaleyfa, smáeinkaleyfa, iðnteikninga og vörumerkja, eða einstaklings sem er framsalshafi réttinda eða leyfis samkvæmt samningi, til þess að nota framleiðsluáferð eða þekkingu sem tengist notkun og beitingu vinnsluáferða í iðnaði;
- 3) eina markmiðið með þeim er:
  - a) þróun eða samræmd beiting staðla eða gerða; eða
  - b) sameiginlegt rannsókn- og þróunarstarf; eða
  - c) sérhæfing í framleiðslu vara, að meðtöldum nauðsynlegum samningum í því skyni,
    - þegar vörurnar sem sérhæfingin á við um mynda ekki, víðast hvar á svæðinu sem samningurinn tekur til, meira en 15% þeirra viðskipta sem eiga sér stað með sams konar vörur eða vörur sem neytendur telja vera sambærilegar vegna eiginleika þeirra, verðs og notkunar, og
    - þegar heildarársvelta hlutaðeigandi fyrirtækja er ekki meiri en 200 milljón evrur.

Þessa samninga, ákvarðanir og samstilltu aðgerðir má tilkynna til þar til bærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 56. gr., bókun 23 og þær reglur sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar.

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5.

*3. gr.*

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1216/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***F. Barbaso***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/05

nr. 45/2000  
frá 19. maí 2000

### um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2000 frá 31. mars 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til undirbúningsaðgerða fyrir Evrópuár tungumála 2001.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist á árinu 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæðum 4. gr. bókunar 31 við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein komi aftan við málsgrein 2c:

„2d. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 2000, taka þátt í áætlunum bandalagsins sem tengjast eftirfarandi fjárlagalið á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2000:

- **B3-1003:** „Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins — Evrópuár tungumála 2001“.

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 3. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í málsgreinum 1, 2, 2a, 2b, 2c og 2d, samkvæmt a-lið 1. mgr. 82. gr.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni<sup>(\*)</sup>.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbaso**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjótíð. EB L 141, 15.6.2000, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjótíð. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 24.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/06**

**nr. 46/2000**  
**frá 19. maí 2000**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/1999 frá 19. júlí 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til einnar áætlunar um að fjármagna og gera áætlanir um samvinnu á sviði menningar (áætlunin Menning 2000 (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 508/2000/EB<sup>(2)</sup>)).
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. mgr. 13. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **32000 D 0508:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 508/2000/EB frá 14. febrúar 2000 um að innleiða áætlunina Menning 2000 (Stjtíð. EB L 63, 10.3.2000, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir síðustu tilkynningu, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins, til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbaso**

formaður.

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 63, 10.3.2000, bls. 1.

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/32/07

nr. 47/2000  
frá 22. maí 2000

### um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86., 87., 98. og 115. gr.,

Eftirfarandi grein bætist við í bókun 31 við samninginn á eftir 18. gr. (Skipti stjórnarsýslustofnana á embættismönnum):

„19. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

*Dregið úr efnahagslegu og félagslegu misræmi*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2000 frá 19. maí 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna til að styrkja í fimm ár aðgerðir sem miða að því að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðilanna.
- 3) Samningsaðilarnir hafa samþykkt fjárframlög frá EFTA/EES-ríkjunum fyrir tímabilið frá 1999 til 2003 vegna fyrrnefndra markmiða.
- 4) Þörf er á nýju fyrirkomulagi vegna þessa samstarfs til að taka mið af þeim breytingum sem hafa orðið frá því samið var um VIII. hluta samningsins. Þetta fyrirkomulag skal vera aðskilið, en samræmt aðgerðum bandalagsins sem miða að sömu markmiðum, og hrundið í framkvæmd á grundvelli c-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins.
- 5) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þessu aukna samstarfi frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2003.

1. Samningsaðilar skulu efla samvinnu sína til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á EES með fjárframlögum frá EFTA/EES-ríkjunum. Í því skyni skal fjármagnssjóður stofnaður fyrir tímabilið 1999-2003.

2. Á grundvelli c-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og með fyrirvara um tilhögunina sem kveðið er á um í 4. viðbæti við þessa bókun skulu EFTA/EES-ríkin leggja fram 119,6 milljón evrur til samstarfsins sem um getur í 1. gr. hér að framan. Þetta fjárframlag skal lagt fram til skuldbindingar í fimm jöfnum hlutum árlega.“

2. gr.

Textinn sem fylgir þessari ákvörðun sem viðauki bætist við bókun 31 sem 4. viðbæti.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 23. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni<sup>(\*)</sup>.

Hún gildir frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2003.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 22. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**F. Barbaso**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 7.

<sup>(\*)</sup> Stjórnarsýsluleg skilyrði tilgreind.

**VIÐAUKI VIÐ ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU  
EES-NEFNDARINNAR NR. 47/2000**

4. viðbætur við bókun 31

Fjármagnssjóður EES  
Tilhögun framkvæmdar

1. Skilgreiningar

Í þessum viðbæti:

1. er ríkið sem nýtur styrks, ríkið sem tekur á móti styrk frá EFTA/EES-ríkjunum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2000 frá 22. maí 2000. Í fyrirsvari fyrir ríkið sem nýtur styrks er yfirvald sem verður tilnefnt til að sjá um stjórnun á fjármögnun EFTA/EES í landinu og til að gera samninga um verkefni við nefndina. Ríkið sem nýtur styrks verður fjárhagslega ábyrgt gagnvart EFTA/EES-ríkjunum,
2. er framkvæmdaraðili verkefnisins, stofnunin sem kemur verkefninu á fót. Styrkir eru greiddir til framkvæmdaraðila verkefnisins fyrir meðalgöngu ríkisins sem nýtur styrks,
3. er nefndin, stofnunin sem EFTA/EES-ríkin koma á fót til að annast starfsemi sem kveðið er á um í 7. lið,
4. er eftirlitsaðili, óháður aðili, sem á grundvelli samnings við ríkið sem nýtur styrks, hefur eftirlit með verkefninu og gefur ríkinu sem nýtur styrks og nefndinni skýrslu um það. Eftirlitsaðilinn er tilnefndur af ríkinu sem nýtur styrks á grundvelli tillögu eða mats og samþykkis Fjárfestingarbanka Evrópu og með vilja nefndarinnar.

2. Ríki sem njóta styrkja

Ríkin, sem njóta styrkja, og hlutur þeirra af sjóðnum skal vera eins og fram kemur í töflunni hér á eftir:

Land	1999	2000-2003	Samtals
Spánn	10 859 680 evrur	59 321 600 evrur	70 181 280 evrur
Portúgal	5 023 200 evrur	16 265 600 evrur	21 288 800 evrur
Grikkland	5 812 560 evrur	16 265 600 evrur	22 078 160 evrur
Írland	1 698 320 evrur	3 827 200 evrur	5 525 520 evrur
Breska konungsríkið (Norður-Írland)	526 240 evrur	0 evrur	526 240 evrur
Samtals	23 920 000 evrur	95 680 000 evrur	119 600 000 evrur

3. Form aðstoðarinnar

Aðstoðin skal öll vera í formi styrkja. Ríkinu sem nýtur styrksins er þó heimilt að leggja tillögur fyrir nefndina um að nota hluta af sínum styrk til að lækka vaxtakostnað vegna verkefna sem einkum eru fjármögnuð með lánum. Sérhver slík aðstoð verður einnig veitt í formi styrkja.

(<sup>1</sup>) Hefur enn ekki verið birt.



Fjárfestingarbanki Evrópu skal:

- meta fyrirhuguð verkefni og gefa ríkinu sem nýtur styrksins skýrslu,
- leggja til, eða meta og samþykkja, eftirlitsaðila í ríkjunum, sem njóta styrkja, sem skulu samþykktir af nefndinni og ríkinu sem nýtur styrks.

Ríkin sem njóta styrkja skulu:

- taka á móti og ábyrgjast verkefni sem á að fjármagna,
- kynna verkefni fyrir Fjárfestingarbanka Evrópu sem skal meta þau og síðan fyrir framkvæmdastjórninni og nefndinni, ásamt mati Fjárfestingarbanka Evrópu.

Framkvæmdastjórnin skal:

- fara yfir og athuga hvort þau verkefni sem lögð eru til samrýmast markmiðum bandalagsins og einkum reglum um samfjármögnun. Í síðari rannsókninni skulu framlög EFTA/EES-ríkjanna samlöguð fjármögnun bandalagsins.

Eftirlitsaðilarnir skulu:

- hafa eftirlit með verkefnum í samræmi við áætlun um skýrslugjöf sem fylgir samþykktri áætlun um verkefni,
- gefa ríkinu sem nýtur styrks og framkvæmdastjórninni skýrslu.

#### 8. Tungumál

Heimilt er að nota öll opinber tungumál EES-samningsins. Ríkið, sem nýtur styrks, eða framkvæmdaraðili verkefnisins skal láta í té enska þýðingu á öllum gögnum sem eru lögð fram fyrir nefndina.

#### 9. Fjárhagslegt fyrirkomulag

EFTA/EES-ríkin skulu bæta 0,5% framlagi vegna mats og eftirlits við hverja greiðslu til ríkisins sem nýtur styrks til viðbótar við upphæðina sem fæst að láni úr samþykta sjóðnum upp á 119,6 milljón evrur. Allir aðilar skulu greiða eigin stjórnsýslukostnað.

Fjárfestingarbanki Evrópu, sem er ráðgefandi fyrir framkvæmdaraðila verkefnisins eða ríkið sem nýtur styrks, skal leggja gjöld á höfuðstól fyrir þjónustu sína.

EFTA/EES-ríkin skulu koma á viðeigandi fjármálastjórnun. Greiðslur til ríkjanna sem njóta styrkja skulu inntar af hendi á grundvelli fyrirmæla frá nefndinni sem skal tryggja að þær fari fram á réttum tíma. Áfallnir vextir á sjóði fyrir greiðslu til styrkþega tilheyra þeim sem fjármagna sjóðinn.

#### 10. Stutt vinnsluýsing

1. Framkvæmdaraðili verkefnisins leggur til drög að verkefni við ríkið sem nýtur styrks
2. Ríkið sem nýtur styrks leggur til drög að verkefninu við framkvæmdastjórnina og nefndina í forsamráði um gildi hugmyndarinnar.
3. Þegar niðurstaða forsamráðs er jákvæð, biður framkvæmdaraðili verkefnisins Fjárfestingarbanka Evrópu um að meta verkefnið. Matið skal taka til tæknilegra, efnahagslegra, fjárhagslegra og stjórnunarlegra þátta tillögunnar.
4. Framkvæmdaraðili verkefnisins leggur verkefnaáætlun, að meðtalinni fjárhagsáætlun, greiðsluáætlun, áætlun um eftirlit og matsskýrslu Fjárfestingarbanka Evrópu fyrir ríkið sem nýtur styrks.

5. Ríkið sem nýtur styrks leggur verkefnið, ásamt gögnunum, sem um getur í 4. lið, fyrir framkvæmdastjórnina til að fá staðfest að það sé styrkhæft.
6. Ríkið sem nýtur styrks leggur verkefnið, ásamt gögnunum, sem um getur í 4. lið, samtímis fyrir nefndina til samþykkis.
7. Nefndin getur beðið um viðbótarupplýsingar eða lagt til að áætlunin um verkefnið verði endurskoðuð, einkum eftirlits-/greiðsluáætlunin. Nefndin samþykkir (endurskoðaða) verkefnið eða veitir rökstudda synjun. Ef það er samþykkt er skuldbindingarbréf þar sem viðkomandi skilmálar eru tilgreindir sent styrkta ríkinu.
8. Samningur er undirritaður milli eftirlitsaðilans og ríkisins sem nýtur styrks á grundvelli eftirlitsáætlunarinnar.
9. Samningur er undirritaður milli framkvæmdaraðila verkefnisins og ríkisins sem nýtur styrks og styrktarsamningur er undirritaður milli ríkisins sem nýtur styrks og nefndarinnar.
10. Fyrsti hluti greiðslunnar sem nemur 10% er greiddur ríkinu sem nýtur styrks að fenginni undirskrift framkvæmdaraðila verkefnisins á samningi við verktakann. Síðari greiðslur fara fram samkvæmt hlutfallslegri greiðsluáætlun, sem endurspeglar raunverulega framkvæmd verkefnisins, í kjölfar fullnægjandi eftirlitsskýrslu og samþykktar framkvæmdastjórnarinnar.
11. Framkvæmdaraðili verkefnisins annast verkefnið og eftirlitsaðilinn gefur ríkinu sem nýtur styrks og nefndinni skýrslu.
12. Ef ekki er hægt að inna af hendi greiðslur samkvæmt áætluninni, geta samráðsviðræður hafist milli ríkisins, sem nýtur styrksins, og nefndarinnar.
13. Ef nefndin, eða endurskoðunarnefnd EFTA óskar eftir upplýsingum umfram þær sem um getur í eftirlitsáætluninni, er þeim heimilt að láta fara fram eigin endurskoðun eða ráða á eigin kostnað utanaðkomandi endurskoðanda til að endurskoða verkefnið. Ríkinu sem nýtur styrksins er heimilt að starfa með endurskoðandanum. Framkvæmdaraðili verkefnisins og sérhver annar aðili sem stýrir verkefninu fyrir hans hönd ber að veita endurskoðanda sama aðgang að upplýsingum og þeir myndu veita innlendum yfirvöldum eða eigin endurskoðendum, eftir því sem við á.
14. Ef þess er krafist í eftirlitsáætluninni skal eftirlitsaðilinn leggja fram skýrslu um lok verkefnisins eða matsskýrslu.

#### 11. Lokaathugasemdir

Nýi fjármagnssjóðurinn verður starfræktur á sambærilegan hátt og þróunarsjóðurinn sem áður var við lýði, nema annað sé nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna. Heimilt er að útbúa fylgiskjöl eftir því sem þörf krefur.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1979 – CDC/Banco Urquijo)

2000/EES/32/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Caisse des Dépôts et Consignation (CDC, Frakklandi) og Banco Urquijo S.A., Spáni, sem er undir yfirráðum Kredietbank SA Luxembourgeoise (Lúxemborg) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækin Banco CDC Urquijo S.A. með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CDC: bankastarfsemi og fjármál, líftryggingar og söfnunarsjóðir,
  - Banco Urquijo S.A.: bankastarfsemi og fjárfestingar fyrir einkaaðila,
  - Banco CDC Urquijo S.A.: fjárvarsla fyrir fjárfestingarstofnanir og fyrirtæki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 202, 15.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.1979 – CDC/Banco Urquijo, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2029 – Tate & Lyle/Amylum)****2000/EES/32/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið Tate & Lyle PLC, Bretlandi, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfirráð yfir öllu fyrirtækinu Amylum UK Limited og Amylum Europe N.V. úr höndum Compagnie Industrielle et Financière des Produits Amylaces S.A., með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Tate and Lyle PLC: vinnsla á vetniskolefnum og sykurreyr, framleiðsla á hrásykri, sætuefnum, sterkjum og gerjunarvörum, sem og sykur- og melassaviðskipti um allan heim,
  - Amylum: framleiðsla á kornsætuefnum, sterkjum, gerjunarvörum og fóðri.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 202, 15.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2029 – Tate & Lyle/Amylum, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.1946 – BellSouth/SBC/JV)****2000/EES/32/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26.5.2000 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 300M1946. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(1) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(2) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2047 – Bayerische Hypo- und  
Vereinsbank/IXOS/Mannesmann/memIQ)**

2000/EES/32/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Bayerische Hypo- und Vereinsbank AG og IXOS Software AG og Mannesmann AG, sem stjórnad er af Vodafone AirTouch plc, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu memIQ AG, með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bayerische Hypo- und Vereinsbank AG: lána- og veðlánastofnun,
  - IXOS Software AG: þróun og sala á tölvuhugbúnaði, þjálfun á sviði hugbúnaðar,
  - Mannesmann AG: fjarskiptaþjónusta, bæði farsímaþjónusta og fastasambandsþjónusta, rafræn viðskipti, Internet, stálrör, bíla- og tækniverkfræði,
  - Vodafone AirTouch plc: farsímaþjónusta,
  - memIQ: rafrænt skjalasafn á Netinu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 201, 14.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2047 – Bayerische Hypo- und Vereinsbank/IXOS/Mannesmann/memIQ, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2051 – Nordic Capital/HIAG/Nybron/  
Bauwerk)**

2000/EES/32/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem svissneska fyrirtækið N.I. Flooring Corporation (sem áður hét HIAG Expo AG), sem er undir sameiginlegum yfirráðum fyrirtækjanna Nordic Capital III Ltd & Nordic Capital IV Ltd og HIAG Holding AG, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækjunum Nybron og Bauwerk Parkett AG, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Nordic Capital Fund III: sjóðurinn kemur fram fyrir hönd fjárfesta sem starfa í greinum sem taka til rafrænna íhluta, lyfja, farmmiðlunar, kemískra efna fyrir trjákvöðu- og pappírsiðnaðinn og heildsölu á stál- og álvörum, byggingarefni, málmum o.s.frv.
  - Nordic Capital Fund IV: nýstofnaður sjóður,
  - HIAG Holding AG: eignarhaldsfélag,
  - N.I. Flooring Corporation (áður HIAG Expo AG): engin starfsemi,
  - Nybron: viðargólfefni,
  - Bauwerk Parkett AG: framleiðsla á viðargólfefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB C 198, 13.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2051 – Nordic Capital/HIAG/Nybron/Bauwerk, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2000/EES/32/13**  
**(Mál nr. COMP/M.1969 – UTC/Honeywell/i2/MyAircraft.com)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin United Technologies Corporation (UTC)(Bandaríkjunum) og Honeywell International Inc (Honeywell)(Bandaríkjunum), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu MyAircraft.com (Bandaríkjunum), með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - UTC: fjölþætt fyrirtæki á sviði framleiðslu á búnaði til notkunar í iðnaði, sem og vöruframleiðsla og þjónusta á sviði flugiðnaðar,
  - Honeywell: fjölþætt tækni- og framleiðslufyrirtæki, sem og vöruframleiðsla og þjónusta á sviði flugiðnaðar,
  - MyAircraft.com: tölvuviðskiptavefsetur sem býður upp á viðhaldsþjónustu og -vörur á sviði flugiðnaðar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 198, 13.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.1969 – UTC/Honeywell/i2/MyAircraft.com, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2037 – BNP-Paribas/PHH)**

**2000/EES/32/14**

